

Reykjavík 28. október 2014

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili.

Þingskjal 18 — 18. mál.


(Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015).

Barnaheill – Save the Children á Íslandi taka undir mikilvægi þess að reiknuð séu út ný neysluviðmið fyrir íslensk heimili. Samtökin taka þó ekki afstöðu til þess hvort í slíkum neysluviðmiðum skuli húsnæðiskostnaður tekinn með eða ekki. Barnaheill leggja þó áherslu á mikilvægi húsnæðismála og að það sé réttur sérhvers manns að eiga heimili. Ljóst er að húsnæðiskostnaður á Íslandi er hár, bæði kaup á húsnæði og leigukostnaður, auk þess sem ótryggt er að leigja.

Á vormánuðum 2014 gáfu Barnaheill – Save the Children á Íslandi út skýrsluna *Barnafátækt - brot á mannréttindum barna* (Child poverty and social exclusion in Europe – a matter of Children’s rights) í samstarfi við önnur Save the Children samtök í Evrópu. Meðal þeirra niðurstaðna sem fram koma í skýrslunni er að 30 % barna á Íslandi býr við óviðunandi aðstæður hvað varðar húsnæði (hár húsnæðiskostnaður og léleg húsakynni). Börn sem eiga á hættu að búa við fátækt eða félagslega einangrun eru líklegri til að búa við ófullnægjandi búsetuskilyrði. Þau börn sem eiga foreldra sem eru undir 60% af meðaltekjum eru líklegri til að falla í þennan hóp. Þó eru 20 % barnanna í þessum hópi börn sem eiga foreldra sem eru yfir þessum tekjumörkum. Börnin sem fylla þennan hóp búa gjarnan við óöryggi hvað varðar búsetu og tíða flutninga. Tíðir flutningar valda óöryggi og rótleysi, þau þurfa gjarnan oft að skipta um skóla og ná síður að tengjast félögum og eignast vini. Eins og fram kemur í skýrslu Barnaheilla þurfa börn að búa við

öryggi, hreinlæti og heilnæmt umhverfi til að þroskast, vera heilbrigð, geta menntað sig og átt félagslíf, þ.e. til að þroskast andlega, líkamlega og félagslega. Þau þurfa næði til að vinna heimavinnu, leika sér og geta boðið vinum í heimsókn. Fjölskyldur sem búa við fátækt eru líklegri til að búa við óheilnæmar og óöruggar aðstæður.

Eins og sést á myndinni hér að neðan, þá er staða Íslands hvað varðar húsnæðismál barna verri en meðaltal ríkja Evrópusambandsins. Slíkt er algjörlega óásættanlegt.



Source: EU-SILC 2013 (Retrieved January 2014) - Data for Ireland and Belgium refer to 2011

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur lögfest eiga öll börn rétt á því að lifa og þroskast, njóta umönnunar, verndar og halda fjölskyldutengslum. Þau eiga rétt á að búa við lífsskilyrði sem stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska þeirra. Öruggt, heilsusamlegt og viðundandi húsaskjöl er ein af grunnforsendum þess. Hvort sem húsnæðiskostnaður verður tekinn með í nýjum neysluviðmiðum eða ekki er nauðsynlegt að tryggja að öll börn búi við öryggi og við heilsusamlegt og viðunandi húsaskjöl.

f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,

framkvæmdastjóri

Barnaheill - Save the Children á Íslandi - Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík
s. 553 5900 - fax. 553 5960 - barnaheill@barnaheill.is - www.barnaheill.is